

HULA - byggðasamlag um sorpmeðferð
Austurvegi 17
870 Vík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
30. apríl 2013 8.19.2
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri, 26. apríl 2013
Tilvísun: UST20121000160/gsá

Staðfesting á úrbótum móttækin - máli lokið


Umhverfisstofnun vísar í bréf með eftirlitsskýrslu, dags. 28. september 2012, þar sem fjallað er um tvö frávik frá starfsleyfi, sem kom fram við reglubundið eftirlit hjá Hula bs. þann 15. ágúst sl., er varða:

- Undanþága frá gildu starfsleyfi rann út 1.8.sl. Samkvæmt grein 5 í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, skulu aðilar er meðhöndla úrgang hafa gilt starfsleyfi.
- Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila var magn urðaðs úrgangs árið 2011, 464 tonn. Í ákvæði 1.1 í starfsleyfi er einungis gefin heimild fyrir urðun 400 tónna úrgangs á ári.


Rekstraraðili sendi inn svarbréf þann 12. október 2012 þar sem fram kemur að Hula bs. muni draga úr urðun á Skógasandi og hefur gripið til ráðstafana svo urðun verði innan marka í framtíðinni. Umhverfisráðuneytið hefur veitt Hula bs. tímabundna undanþágu frá starfsleyfi gegn skilyrðum um að rekstraraðili skili inn endurbættu áhættumati eigi síðar en 15. júní 2013 og að haft verði samráð við Umhverfisstofnun um nánari útfærslu grunnvatnsmælinga. Einnig er sett skilyrði um að unnið verði eftir eldra starfsleyfi og ákvæðum reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs, að undanskyldum ákvæðum um jarðfræðilegan tálma, botnþéttingu og sigvatnssöfnun. Gildir sú undanþága til 1. janúar 2014.

Lítur Umhverfisstofnun á þetta sem fullnægjandi úrbætur og mun ekki aðhafast frekar vegna þessa fráviks.

Hér með staðfestist að Hula bs. hefur bætt úr þeim frávikum sem komu fram við reglubundið eftirlit ársins 2012.


Kristín Linda Árnadóttir
Forstjóri

Virðingarfyllst


Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur